



## Aðalfundur FEKÍ, 3. mars 2018.

Klukkan 12:30 í Fjölbrautarskólanum við Ármúla.

Mætt eru: Halla Thorlacius (Garðaskóla), Helena María Sverrisdóttir (FMos), Margrét Einarsdóttir (Myllubakkaskóla), Grétar Skúlason (Kvennó), Jennifer McNamara (Flensborg), Þórhalla Steinþórsdóttir (MH), Lára M. Fleckenstein (Víðistaðaskóla), Pétur Már Sigurjónsson (MH), Lilja Margrét Möller (Vesturbæjarskóla), Edda Lára Kaaber (FÁ), Íris Rut Agnarsdóttir (BHS), Samuel Lefever (HÍ)

Dagskrá fundarins:

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar frá gjaldkera og félagsgjöld
4. Skýrslur ræddar (og samþykktar)
5. Umræður og hugmyndir um verkefni framundan
6. Breytingar á lögum FEKÍ
7. Kosning nýrrar stjórnar
8. Önnur mál

### 1. Skipan fundarstjóra og ritara.

Edda er valin fundarstjóri og Íris fundarritari

Edda býður alla velkomna og setur fundinn. Hún gefur Samuel orðið

### 2. Skýrsla stjórnar

Samuel flytur skýrslu stjórnar, kynnir meðlimi stjórnarinnar og aðra fulltrúa FEKÍ; í STÍL, Málfríði og umsjónarmann vefsíðunnar. Er þeim þökkun góð störf.

Hann fjallar um fjölda meðlima og þar þurfi enn að reyna að bæta við.

Viðburðir liðins árs eru tilteknir, svo sem sumarnámskeið með Daniel Xerri, vinnustofa með Averil Coxhead, vinnu stofa í MH, enskukennarakaffi, smásögukeppnin og vinnustofa með John Baird um matsaðferðir á akademískum orðaforða. Einnig nefnir hann komandi viðburði, svo sem verðlaunaafhendingu fyrir smásögukeppnina á Bessastöðum, IATEFL ráðstefnuna og sumarnámskeið í Dublin.

Heimis Áskelssonar er minnst, en hann var einn af stofnendum FEKÍ og sat lengi í stjórn félagsins.

### 3. Reikningar frá gjaldkera og félagsgjöld.

Lilja kynnir reikninga félagsins. Það að félagsgjöld voru hækkuð á síðasta aðalfundi og aukning félaga skýrir aukna innkomu. Spurning úr sal varðandi upphæð styrks frá MMR, lækkaði úr 450 þús í 150 þús og svo 0 kr. Félagsgjöld dekka rekstur félagsins, félagið er í plús.

Spurt er: Hvernig gengur að rukka félagsgjöld? Svar: Eftir að fórum að rukka 1000 kr. Fyrir viðburði gengur vel og félagar sjá að þeir eru að fá eitthvað. Gengur ágætlega, félagaskráin er uppfærð reglulega.

4. *Skýrslur ræddar (og samþykktar).*

Allir viðstaddir samþykkja reikninga og skýrslu

Félagsgjöldin duga og því óþarfi að hækka þau, þau eru 3730 kr. núna og af þeim þarf að greiða til STÍL og þjónustugjald banka. Fagfélög fá ekki styrk frá MMR.

Vangaveltur: Er hægt að finna gulrót til að fá fleiri meðlimi í félagið?

5. *Umræður og hugmyndir um verkefni framundan.*

Afmælið nálgast og hvernig getum við fjármagnað það?

Setja upplýsingar um sumarnámskeið á FB hópinn.

Hvað getur FEKÍ gert fyrir þig? Fólk virðist almennt ánægt með það sem félagið er að gera fyrir meðlimi.

Spurt um tengingu félagsins við ESU. Hún er engin, en alveg sjálfsagt að auglýsa viðburði ESU á síðum og póstlista FEKÍ

6. *Breytingar á lögum FEKÍ*

Engar tillögur um lagabreytingar bárust.

7. *Kosning formanns og stjórnarmeðlima.*

Spurt hvort einhverjir hafi áhuga á að taka sæti í stjórninni.

Samuel býður sig áfram sem formaður stjórnar og það er samþykkt með lófaklappi. Pétur Már Sigurjónsson úr MH er kosinn nýr inn í stjórnina, sem varamaður. Aðrir meðlimir eru kosnir áfram: Lilja M. Möller, Þórunn P. Sleight, Edda Lára Kaaber og Íris Rut Agnarsdóttir.

Jennifer verður áfram fulltrúi í Málfríði, en bráðvantar greinar og efni til að birta í blaðinu, sem er einungis gefið út í vefriti. Hugmynd að birta annál fagfélaganna í blaðinu.

Halla Thorlacius og Jennifer McNamara eru valdar skoðunarkonur reikninga.

8. *Önnur mál*

Afmælisundirbúningsnefnd. Hugmyndir að viðburðum:

Seminar, Events with speakers, skemmtun – Hátíðardagskrá

Fá hugmyndir frá Facebook síðunni

Athuga sendiráðin (fá styrk eða móttöku), athuga hvort ráðuneytið vilji styrkja afmælishátíð.

Hugmynd um að heiðra fræðimenn sem hafa lagt mikið að mörkum í enskukennslu á Íslandi.

Athuga hvort Veröld taki þátt og Háskólinn.

Tengja afmælið við sumarnámskeiðið

Gefa út afmælisrit- saga FEKÍ

Ákveðið að halda umræðunni áfram og fá hugmyndir frá félagsmönnum.

Fundi slitið kl. 13:42